

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

JÚNÍ 2015

6. tbl. 22. árg.



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Sveinsbakari

Hólagarði og
Arnabakka



Breiðholt Festival fór fram við Vogasel og víðar í Seljahverfinu síðast liðinn laugardag. Fjöldi manns sótti hátíðina sem á að verða árviss viðburður. Hluti festivalsins fór fram utan dyra og hér bregða þær Harpa og Irma á leik með ungum Breiðhýltingum á hátíðarsvæðinu. Sjá nánar á bls. 9.
Mynd: Magnús Elvar Jónsson.



HOLLT OG LJÚFFENGT
Í HÁDEGINU

SPÍRAN
BORÐUM VEL
GARDHEIMUM • STEKKJARBAKKA 6

**Opið allan
sólarhringinn**
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnabakka



Iceland

- bls. 4-5
Sólborg Jónsdóttir

Nýr netbanki sem er mótaður
af viðskiptavinum sínum

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



ÓDÝRARI LYF Í
HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Grillum í sumar!



Kjötborð í
algjörum
sérflokki

 **Þín verzlun**
Seljabraut

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 170 Seltjarnarnes • Pósthólf 172

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

6. tbl. 22. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Um þrjú þúsund í Menntun núna

Nýverið lauk verkefninu Menntun núna í Breiðholti og má leiða líkur að því að um þrjú þúsund manns hafi notið góðs af því. Með því var náð til brotthvarfsnema og þeim fundin tækifæri til náms, bæði í dag- og kvöldskóla. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Mímir símenntun. Hinn hlutinn byggðist einkum á samstarfi við félög innflytjenda og þátttöku í fjölmenningsstarfi borgarinnar. Með því er fólki auðvelduð aðlögun að því sem stundum er þeim framandi umhverfi og dregið úr þeirri hættu að fólk sem flutt hefur hingað til lands einangrist.

Heilsueflandi Breiðholt

Átak til heilsueflingar er að hefjast í Breiðholti. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri undirritaði á dögnum yfirlýsingu um að Breiðholt muni hrinda af stað vinnu um heilsueflandi samfélag og verða þar með leiðandi hverfi í borginni. Heilsueflandi Breiðholt er þróunarverkefni sem hefur það markmið að stuðla að heilbrigði og velferð í samfélaginu. Stefnt er að því að stofnanir og félagasamtök taki þátt í átakinu þar sem markvisst er hlúð að proska og heilbrigði íbúa frá ýmsum hliðum.

Öflug menningarmiðstöð

Með sameiningu Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs og Borgarbókasafnsins varð til öflug menningarstofnun í Breiðholti. Stofnun sem ekki mun einungis halda merkjum hinna fyrri á lofti heldur og ekkert síður mótast af nýjum viðfangsefnum á sviði menningar og lista. Fjölbreytni menningarlífsins mun aukast og margbreytileikinn hafast við í því ágæta húsi sem Gerðuberg er. Nú hefur verið opnaður bjartur og rúmgóður kaffi- og veitingastaður í Gerðubergi með aðstöðu fyrir jafnt einstaklinga sem hópa – nokkuð sem hefur skort í 20 þúsund manna byggð til þessa.

Eddufellið í nýja lífdaga

Eddufellið er að vakna til lífsins eftir langa þrautagöngu. Með Pólsku búðinni kom skemmtileg og persónuleg matvöruverslun í byggð þar sem fólk af hinum ýmsu þjóðernum og menningarkimur kys að búa. Fab Lab tækniverið setur svip á umhverfið og tilkoma Nýlistasafnsins í gamla Breiðholtsbakarí er nýjung sem fáa hefði dreymt um fyrir nokkrum árum.

Ungt fólk í félagsstarfið

Margvíslegt félagsstarf fer fram í Breiðholti. Þar starfar fjöldi félaga auk þess sem Reykjavíkurborg stendur fyrir öflugu félagsstarfi í Árskógum og í Gerðubergi. Nokkurs misskilnings hefur gætt að þetta félagsstarf sé eingöngu ætlað heldri borgurum. Fólki sem komið er að eða á starfslokaaldur. Eðli málsins samkvæmt nýtir það fólk félagsstarfið meira enda oft ekki bundið dagsins önn að öðru leyti. En félagsstarfið er fyrir alla og dæmi um það má nefna að yngri fólk í fæðingarleyfi er farið að nýta sér það og tekur þá gjarnan ungvíðin með.

Litla félagið með stóra hjartað

Ög ekki má gleyma velgengni Leiknis á nýbyrjuðu ári í úrvalsdeildinni. Starf Leiknis hefur eflst að undanfögnu bæði hið innra og ekki síður á keppnisvællinum íbúum Breiðholts og ekki síst Fella- og Hólahverfi til ánægju. Það er margt að gerast í Breiðholti.

Verslun og þjónusta í Strætóhúsið í Mjódd

Reykjavíkurborg mun taka við húsnæðinu þar sem Strætó er í Mjóddinni á næstunni. Með því er ætlunin að skipuleggja það fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og færa meira líf inn í Mjóddina. Strætó er þó ekki að fara úr Mjóddinni og mun stöðin þar áfram gegna mikilvægu hlutverki innan leiðakerfisins þar sem fara yfir 3.000 manns um daglega. Því eru áhugavert tækifæri að finna fyrir veitingarekstur sem fer vel með hlutverki húsnæðisins sem þjónustustöð Strætó.

Þegar er farið að líta eftir rekstraraðila til samstarfs við borgina. Nýr rekstraraðili mun taka þátt í að skipuleggja breytingar á hlutverki húsnæðisins í samvinnu við Reykjavíkurborg og núverandi rekstraraðila í Mjódd. Hann velur verslanir og veitingastaði til samstarfs, aflar tilskilinna leyfa, sér um kynningar- og markaðsmál og annast allan daglegan rekstur hússins, þar með talið rekstur á salernum og öryggisvörslu. Hér er um umtalsvert húsrými að ræða eða alls 426 fermetra. Pósturinn hefur starfsstöð í



Séð yfir Mjóddina. Stætóhúsið er fremst á myndinni.

Strætóhúsinu og hefur þegar sýnt áhuga á þátttöku í viðræðum um framtíð rýmisins með það markmið að minnka starfsstöð sína á svæðinu sem gæti stækkað það svæði sem er til þróunar um allt að 180 fermetra. Í úttekt á húsnæðinu sem var unnin af arkitektastofunni Stáss voru eftirtalin atriði sérstaklega

talín mikilvæg við uppbyggingu starfsemi í húsnæðinu. Að sterkur rekstraraðili komi að verkefninu. Opíð verði á milli rekstrareininga þannig að að sýnileiki og flæði milli þeirrar starfsemi sem fer fram auk þess að tryggja öryggi notenda og farþega Strætó verði tryggt með víðeigandi hætti.

Samspil í Breiðholti

... ókeypis íþróttæfingar í sumar

Í sumar mun verkefnið Samspil bjóða upp á ókeypis íþróttæfingar í Breiðholti. Æft verður tvisvar í viku á skólalóð Hólabrekkuskóla.

Æfingarnar eru ætlaðar börnum í þriðja til áttunda bekk, en greinarnar sem í boði verða eru körfubolti, frjálstar íþróttir, keila, fótþolti og handþolti. Færir þjálfarar munu hafa umsjón með æfingunum.

Ef veður verður slæmt á verkefnið athvarf í íþróttahúsinu við Austurberg 3. Öll börn eru hjartanlega velkomin á æfingu hjá SAMSPIL, hvort sem þau eru vön að stunda íþróttir eða ekki. Æfingarnar verða á mánudögum og miðvikudögum á eftirfarandi tímum: kl. 15.00 til 16.15 fyrir 3. til 5. bekk og kl. 16.15 til 17.30 fyrir 6. til 8. bekk. Fyrsta æfing sumarsins var mánudaginn 15. júní, en æfingum lýkur um mánaðamótin júlí / ágúst. Samspil er unnið í samstarfi við ÍR og Þjónustumiðstöð Breiðholts og styrkt af ÍTR.



Velkomin í Gróðrarstöðina Stord

Við bjóðum þér upp á:

🌸 mikið úrval trjáa og runna, fjölærra plantna og harðgerra sumarblóma

🌸 mold, áburð, ker og potta

🌸 góða þjónustu og faglega ráðgjöf

Næg bílastæði



Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383
Fax 568 6691 - stord@centrum.is

Komdu í Gróðrarstöðina Stord og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.

Ljósveitan
Kemur með háhraðanetið



100 Mb/s í Breiðholti

Heimili í Breiðholti eiga nú kost á 100 Mb/s tengingum um Ljósveitu Mílu.
Með nútímataekni og fyrirliggjandi samböndum geta nú 89.400 íslensk heimili uppfært
hraðann hjá sér án nokkurra aukatenginga eða framkvæmda.

Kynntu þér stöðugar háhraðatengingar Ljósveitunnar á www.mila.is

Hafðu samband við
eftirtalda aðila til að kaupa
þjónustu um Ljósveituna

Tölvustöð

365

vodafone

Fjölnet

snerpa

Hringdu

Símafélagið

Hringjóan

Símínn

TÖLVUN

TAL

mila
Lífæð samskipta

VIÐTALIÐ

Áhuginn á kennslu fullorðinna kviknaði snemma

... segir Sólborg Jónsdóttir deildarstjóri hjá Mími

Breiðholtsblaðið heimsótti Sólborgu Jónsdóttur á heimili hennar í Seljahverfi. Sólborg er deildarstjóri í tungumála- og fjölmenn-ingardeild hjá Mími-símenntun en hún hefur tekið þátt í Menntun núna verkefninu fyrir hönd Mímis. Sólborg er uppalin á Sunnuflöt í Garðabænum með foreldrum sínum og tveimur eldri systur og fjölskyldan átti mikið af dýrum en móðir hennar var formaður dýraverndunarsamtaka. Hún fór í Menntaskólann í Hamrahlíð og þaðan í ítölsku og sagnfræði. Áhuginn á ítölskunni kviknaði í MH þar sem hún hafði frábæran ítölskukennara sem varð til þess að hún fór sem skiptinemi í sagnfræði í eitt ár til Bologna á Norður Ítalíu og í framhaldinu ákvað hún að taka ítölsku sem aukafag í háskólanum. Síðar fór hún til Víetnam sem hafði áhrif á líf hennar.

“Ég á tvíburadætur þær Sunnu Tam og Tinnu Mai sem eiga víetnamskan föður sem ég var gift. Ég starfaði við íslenskukennslu og gegnum hana kynntist ég víetnómsskum hjónum sem eru mjög góðir vinir mínir. Það varð til þess að ég fór í ferð með þeim og stórfjölskyldunni til Víetnam sem var alveg frábær upplifun. Ég var alltaf með heimafélög og kynntist landinu á annan hátt, svaf m.a. uppí hjá ömmunni í húsinu og fór í heimsóknir inn á ótal einkaheimili. Í þessari ferð kynntist ég fyrrum manni mínu. Við fórum síðan aftur til Víetnam til að hitta fjölskyldu hans og mér finnst mikilvægt að dætur mínar rækti uppruna sinn og tengsl við fjölskyldu sína í Víetnam þar sem þær eiga mikið af frændfólki og hálsystkini. Eftir þessa reynslu af Víetnam þá mæli ég með því að fólk fari til landa utan Evrópu til að kynna annarri menningu og veruleika auk þess sem Víetnam er eitt öruggasta landið sem þú getur ferðast til.”



Sólborg með tvíburadætrunum þeim Sunnu Tam og Tinnu Mai.

Vann hjá Námsflokkunum með menntaskóla

En hvernig kviknaði áhuginn á fræðslu fullorðinna? Meðfram menntaskólanum vann Sólborg í Námsflokkum Reykjavíkur sem þá voru staðsettir í Miðbæjarskólanum við tjörnina þar sem hún vann á skrifstofunni og við ýmsa þjónustu. “Þar kviknaði áhuginn á fullorðinsfræðslu, mér hafði alltaf gengið vel og líðið vel í skóla og það var upplifun fyrir mig að hitta allt þetta fullorðna fólk sem hafði gert svo mikið í lífinu en aldrei lokið skóla og fékk þarna tækifæri til að taka upp þráðinn og ljúka námi. Starfið hjá Námsflokkunum þróaðist

og ég var farin að skipuleggja námskeið og fyrsta kennslan sem ég tók að mér um tvítugt var að kenna íslensku fyrir útlendinga þegar ég kenndi blönduðum hóp byrjenda í íslensku.” Verkefnið var vissulega áskorun en Sólborg man eftir því að móðir hennar sem var kennari sagði við hana „Það er eitt öruggt og það er að þú kannt meira í íslensku en þau“ en námskeiðið gekk ágætlega og eflaust hafa skipulagshæfileikarnir og kennaragenin frá móðurinni átt þátt í því. “Í gegnum árin hef ég, ásamt Þorbjörgu Halldórsdóttur, einnig samið mikið af námsefni í íslensku sem öðru máli. Bæði almennt efni og starfstengt efni til að nota á íslenskunámskeiðum á

vinnustöðum.” Leiðin lá síðar til Mímis-símenntunar en í deildinni sem Sólborg leiðir er boðið upp á kennslu í fjölmörgum tungumálum auk íslenskukennslu sem annað tungumál auk námskeiða fyrir fatlaða einstaklinga hjá Fjölmenn. Umfangið á starfseminni er mikið en 99 íslenskunámskeið voru kennd á síðasta ári hjá Mími fyrir utan námskeið í öðrum tungumálum. Mímir býður upp á margskonar námsbrautir fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og námskeið fyrir innflytjendur bæði íslenskukennslu og samfélagsfræðslu.

Landnemaskólinn – íslenska og samfélagsfræði

Landnemaskólinn er dæmi um námsbraut þar sem blandað er saman íslenskukennslu og samfélagsfræðslu auk þess sem þar hefur verið fléttuð inn starfsþjálfun m.a. í tengslum við Menntun núna verkefnið, fyrirtæki og stofnanir í Breiðholti. Sólborg segir miklu skipta fyrir fólk að fá þessa reynslu og tengsl inn í atvinnulífið og læra íslenskuna utan skólastofunnar. “Það sem hefur nýst sérstaklega vel í þessu verkefni er Íslenskuþorpíð sem Guðlaug Stella Brynjólfssdóttir hefur verið að þróa fyrst í Háskóla Íslands og hefur nú verið yfirfært á Breiðholtið í Menntun núna verkefninu þar sem fyrirtæki og stofnanir í hverfinu taka þátt í íslenskukennslunni (www.islenskuthorpid.is). Hjá Mími var þessi nálgun nýtt í þróun á starfsþjálfun útlendinga í leikskólum þar sem starfsfólk fékk þjálfun frá Íslenskuþorpinu um hvernig væri best að vinna með íslenskukennslu í starfsþjálfuninni,” segir Sólborg.

Of há námskeiðsgjöld

“Í Menntun núna verkefninu upplifði maður að það er þörf á því að fara með þjónustuna til fólksins í hverfinu þar sem fólk getur einnig fengið ráðgjöf og jafnvel barnagæslu. Þar kom skýrt fram að verð á námskeiðum skiptir máli verkefnið niðurgreidd námskeiðin sem kosta almennt um 40 þúsund krónur en kostuðu 12.000 kr. Þrátt fyrir að stéttarfélagin styrki námskeiðin þá vita ekki allir hvernig á að snúa sér varðandi þá styrki auk þess sem styrkirir duga ekki nema fyrir einu til tveimur námskeiðum á ári. Reynslan sýnir að fólk þarf á samfelldri kennslu að halda til að ná árangri í íslenskunáminu,

SUMAR ER SANGRÍA

KOMDU Á TABASBARINN OG SMAKKAÐU Á SUMRINU

Ísköld og svalandi Sangríameð ferskum ávöxtum, SOLAZ rauðvíni, appelsínusafa og blöndu af sterku áfengi og líkjörum.

Glas 1.790 KR.

LÁTTU ÞAÐ EFTIR ÞÉR, VERTU FRJÁLS, NJÓTTU LÍFSINS.



RESTAURANT-BAR

Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík
Sími 551 2344 | www.tapas.is



Ungt fólk af erlendum uppruna verður að hafa tækifæri til að ljúka framhaldsmenntun, segir Sólborg.

sérstaklega fullorðin fólk. Það er svo margt sem hefur áhrif á hvernig gengur, aldur, uppruni, menntun, persónuleiki, ertu opinn eða félagslyndur o.s.frv. Það skiptir máli að hafa tækifæri til að æfa sig í tungumálinu t.d. í vinnunni. Íslendingar virðast gera ríkari kröfu um að innflytjendur geti talað íslensku ef þeir koma frá landi utan Evrópu en almennt er viðurkennt að Evrópubúar geti talað saman á ensku. Mótsögnin í þessu er að fólk frá öðrum heimsálfum á oftast erfiðara með að læra íslenskuna auk þess sem margir tala svokallað tónamál og/ eða eru ólæsir á latneskt letur. Mímir bíður upp á íslensku- og lestrarnámskeið fyrir þessa hópa.

Samfélagsfræðsluna vantar

En hvernig finnst þér íslenska fjölmenningsamfélagið vera að þróast? “Það er frekar rólegt yfirbragð á fjölmenningsamfélaginu hér enn sem komið er, maður veit af hatursröðræðu og fordómum á netinu en það er ekki mjög áberandi auk þess sem ég hef valið að fylgjast ekki með því. Ég hef kennt fólki frá um 80 löndum og það er ekkert endilega mín reynsla að það sé betra að skipta fólki eftir löndum, menntun eða öðrum þáttum. Það sem sárvantar er samfélagsfræðsla, þegar fólk kemur til landsins þá er það týnt og veit ekki hvar hægt er að fá upplýsingar þó t.d.

Fjölmenningssetrið á Ísafirði og Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur geti veitt ýmsar upplýsingar. Í Noregi er samfélagsfræðsla skylda og það er sama hvar þú býrð þú þarft að mæta á næstu símenntunarmiðstöð og fræðslan fer fram annaðhvort maður á mann eða í gegnum Skype á tungumáli viðkomandi.”

Brúarsmiðin er frábær hugmynd

Sólborg segir að í Menntun núna verkefninu hafi verið unnið með hugtakið Brúarsmiði sem byggir á svipuðum grunni og samfélagsfræðslan í Noregi þ.e. að þjálfa innflytjendur til að veita samlöndum sínum og fólki sem

verður að hafa tækifæri til að ljúka framhaldsmenntun og bæði framhaldsskólar og framhaldsfræðslan (fyrir fullorðna) verður að aðlaga námsleiðir sínar og kennsluáferðir svo að allir hafi jafnan rétt og möguleika til náms. Ég sakna þess hversu lítið við sjáum útlendinga í fjölmiðlum þannig að við heyrum sjaldan viðtöl við fólk sem talar ekki fullkomna íslensku en við höfum oft takmarkað umburðarlyndi gagnvart þeim sem ekki hafa fullkomið vald á tungumálinu. Við förum oft að tala ensku strax og við skiljum ekki alveg hvað fólk er að segja í stað þess að hlusta betur og spyrja, oft þurfum við að tala öðruvísi við þá sem eru byrjendur í tungumálinu, til dæmis að tala í nefnifalli o.s.frv.

“Hvað tekur svo við hér í Breiðholtinu eftir að Menntun núna lýkur?”
 “Mímir símenntun ætlar áfram að bjóða upp á íslenskukennslu í Gerðubergi og svo má geta þess að við erum flutt í glæsilegt húsnæði á Höfðabakka en það er tiltölulega einfalt fyrir Breiðhyllinga að komast þangað með leið 12 í strætó eða á hjóli.”

SGK.

Sakna útlendinga í fjölmiðlum

“Það þarf sérstaklega að huga að unga fólkinu og menntun þess. Ungt fólk af erlendum uppruna

www.tattoo.is

CLASSIC TATTOO REYKJAVÍK

Ópið 12:00-19:00 mánudaga til föstudaga

tattoo@tattoo.is

simi: 7722171

Arnarbaki 2

HÓLAGARÐUR 40 ÁRA

Öflug verslunarmiðstöð í 40 ár!

Persónuleg þjónusta. Verslið í vinallegu umhverfi!

S: 567 8444
Krá • Sportbar
Gullnáman

- einfalt og ódýrt

HÁRGREIÐSLUSTOFAN

Gjafavörur, snyrtivörur og fylgihlutir í úr vali

Sími: 557 1644

Naglastofa • Skóli • www.naglafegurd.is

Sportvörur • Leikföng • Rífföng

Sími: 557 5020

byður betur

HÓLAGARÐUR - LÖUHÖLUM 2-4 - Sími 557 5959

Gjafa- snyrti- & föðunavörur á frábæru verði!



Hér má sjá eitt verkanna sem verður á sýningunni. Unnið með blandaðri tækni.

Sönn ásjóna

... sýning Hlutverkaseturs í Gerðubergi

Athyglisverð myndlistarsýning verður opnuð í Gerðubergi föstudaginn 26. júní. Sýningin nefnist Sönn ásjóna og er unnið af fólki sem tekið hefur þátt í starfi Hlutverkaseturs.

Hlutverkasetur er starfsendurhæfing þar sem lagt er upp með að styrkja og efla fólk til að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Ein af leiðunum sem er farin er að ýta undir listræna hæfileika með markvissri hvatningu og hér er afrakstur verkefnis af þessu tagi. Myndlistarkennararnir Anna Henriksdóttir og Svafa Björg Einarsdóttir hafa leitt vinnustofurnar síðastliðin fimm ár. Þess á geta að

Hlutverkasetur fagnar 10 ára afmæli og er sýningin því einnig afmælissýning setursins.

Sýningin byggist á andlitsmyndum en andlitsmynd snýst frekar um að segja satt en að búa til sögu. Listamenn sem vinna andlitsmyndir þurfa að kynna sér viðfangsefnið náð til að ná sannleikanum á mynd og stundum þarf til þess margar tilraunir. Myndverkin á sýningin eru bæði hefðbundin málverk unnin með olíu en einnig pastel-, vatnslita- og klipmyndaverk. Sumar ásjónurnar eru af gæludýrum, aðrar af fólki og nokkrir sýnendur hafa gert sjálfsmýndir. Sýningin stendur til 28. ágúst og er opin virka daga kl. 8 til 18.

Vorsýning í Gerðubergi

... markaðsstemning á lokadaginn

Allt að eitt hundrað manns mættu á opnun sýningar á verkum fólks sem tekur þátt í félagsstarfinu í Gerðubergi 2. maí sl. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri opnaði sýninguna en að þessu sinni var breytt nokkuð út af venju þar sem sýningin var haldin í samstarfi við Borgarbókasafn Gerðubergs. Allt efni sýningarinnar var unnið í félagsstarfinu af þátttakendum þar og kenndi þar margvíslegra muna – nýttjamuna sem listmuna.

Anna Kristín Bjarnadóttir umsjónarmaður félagsstarfsins segir að þar starfi fjölbreyttir handverksþópar og á vorsýningunni megi meðal annars sjá bókband, bútasam, glermuni, handavinnu, málun, pappamódel, postulínsmálun, tálgun og útskurð. Við opnun sýningarinnar tók harmoníkuleikarinn góðkenni Þorvaldur Jónasson á móti gestum með harmoníkuleik

og Gerðubergskórinn söng vel valin lög. Sýningin stendur í fjórar vikur og skipta sýnendur mörgum tugum og eru verkin því einkar fjölbreytt. Anna Kristín segir að félagsstarfið sé mikilvægur þáttur í daglegu lífi fjölmargra borgarbúa en starfið er öllum opið óháð aldri eða öðrum störfum. Margrét Valdimarsdóttir verkefnisstjóri í Gerðubergi og sýningarstjóri segir að vorsýningunni sé ætlað að gefa góða mynd af því öflugra starfi sem fram fer í félagsstarfinu og hvetja þannig enn fleiri til þátttöku. Síðasta sýningardaginn, sunnudaginn 31. maí var markaðsstemning á vorsýningunni.



Eins og sjá má á myndunum kenndi margra muna á vorsýningunni.



Hvað segir þú?

Kjörnir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins verða til viðtals í göngugötunni í Mjódd föstudaginn 19. júní milli kl. 16 – 18.

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi, Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi og Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður svara spurningum og taka við ábendingum um það sem betur má fara.



Guðlaugur Þór.



Kjartan.



Marta.

Sjálfstæðisfélagið í Bakka- og Stekkjahverfi.
Sjálfstæðisfélagið í Fella- og Hólahverfi.
Sjálfstæðisfélagið í Skóga- og Seljahverfi.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

*Síðar buxur,
kvartbuxur
stuttbuxur og pils*

*mikið úrval af
fallegum sumarbolum*

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

Flest er fertugum fært:

Hólagarður er 40 ára

Um 40 ár eru liðin frá því að athafnamaðurinn Gunnar Snorrason kaupmaður lagði allt undir, seldi rekstur sinn og íbúðarhúsnæði til þess að byggja upp verslunar- og þjónustukjarna í byggð sem var að rísa í Hólunum í Efra Breiðholti – fjærst eldri byggðum Reykjavíkur. Verslunarmiðstöðin Hólagarður við Lóuhóla reis innan um grunna og hálfbyggð heimili þar sem athafnamaðurinn horfði til lengri framtíðar. Þetta rúmaðist einnig vel innan marka þess skipulagt sem Breiðholtið var byggt eftir. Áhersla var lögð á þjónustukjarna inni í byggðinni þangað sem fólk gæti sótt lífsnauðsynjar og einnig aðra þjónustu í göngufæri frá heimilum sínum.

Frá því Hólagarður var byggður hefur margt gerst og sumt orðið með öðrum hætti en hugarsmiðir Breiðholtsbyggðanna hugðu. Miklar breytingar urðu á verslunarháttum með tilkomu stórmarkaðanna sem gjarnan voru staðsettir utan íbúðahverfa og aukin bílaeign fólks stuðlaði einnig að þeirri þróun. Þetta varð til þess að draga mátt úr þeirri starfsemi sem komið hafði verið fyrir inn í borgarhverfum í því augnamiði að þjóna íbúum. Lítið mál var að skreppa í bíl í stórmarkaðina sem gátu oft boðið lægra vöruverð en unnt var í litlum hverfaverslunum. Saga kaupmannsins á horninu hvarf ekki inn í þessa kjarna heldur stórmarkaðina sem voru í raun og veru hluti af þróun sem átti sér stað víða um heim.

Alltaf hafa komið nýir í staðinn

Flestir þessir kjarnar áttu fljótt erfitt uppdráttar í Breiðholtinu sem annars staðar og ýmis starfsemi fluttist burt eða henni hvar hreinlega hætt. Eftir stóðu auðar byggingar og jafnvel var neglt fyrir glugga þótt aðrir hafi þraukað í erfiðu umhverfi.



Verslanir í Hólagarði hafa þjónað Breiðhytlingum í 40 ár.

Nokkuð sem hverfishönnuðirnir sáu ekki fyrir. Þrátt fyrir þetta er saga Hólagarðs samfelld. Gunnar seldi verslun sína og Hólagarð og aðrir tóku við. Ljóst er að stærð verslunarmiðstöðvarinnar og að mikil áhersla var frá upphafi lögð á fjölbreytta matvöruverslun hefur verið drifjörðin í því að halda starfsemi áfram. Bragi Björnsson verslunarmaður í Leiksport er búinn að standa vaktina í Hólagarði í 25 ár. Hann segir að oft hafi verið á brattann að sækja í rekstri í Hólagarði og talsvert um að fyrirtæki hafi farið eða hætt starfsemi. „En það hafa alltaf komið önnur í staðinn. Sum hafa aðeins staðið við í skamman tíma en önnur lengur. Ætli mitt fyrirtæki og hárgreiðslustofan eigi ekki lengstan starfsaldur hér,“ segir Bragi.

Flest er fertugum fært

Bragi er eiginlega alinn upp í Hólagarði. „Ég fór að

vinna hjá Gunnari Snorrasoni í matvörubúðinni með skóla eftir að hann opnaði. Ég var því búinn að kynnast mörgum hér og þekkti húsið ef svo má segja og var líka kunnugur í hverfinu. Það var svipuð verslun hér áður sem hét Hólasport. Ég festi kaup á henni og breytti nafninu í Leiksport nokkru síðar. Ég aðlagði vöruúrvalið meira að þeirri eftirspurn sem var og er. Ég fór að leggja áherslu á íþróttavörur og einnig á riftöng og skólavörur en dró úr bókaversluninni. Ég hafði og hef alltaf hafi góð tengsl við íþróttafélögin í Breiðholtinu og þau urðu til þess að ég fór að leggja áherslu á að eiga til vörur sem þarf til íþróttabátttöku. Þannig skynjaði ég umhverfið og markaðinn og reyndi að bregðast við eftir bestu getu.“ Bragi segir þess misskilnings stundum hafa gætt að stóra matvöruverslunin í Hólagarði sem rekin hefur verið af nokkrum aðilum í gegnum tíðina og af Bónus undanfarin ár hafi

neikvæð áhrif á sérverslanirnar. „Þessu er öfugt farið. Matvöruverslunin styrkir aðra verslunar- og þjónustustarfsemi í húsinu auk þess sem fjölbreytni skapar ákveðið aðdráttarafl. Ég veit satt að segja ekki hvernig farið hefði ef matvöruverslunin hefði ekki alltaf verið hér.“ Bragi segir að viðskipti og velgengni hafi farið nokkuð eftir tímabilum. Frá 2008 og þangað til á síðasta ári varð nokkurt líf í versluninni hér eins og var í innlendri verslun. Fólk var minna á ferðinni og hélt sig meira í námunda við kjarnanna í byggð þess. Hægja fór á þessu 2013 og nú er spurning um hvort verslunin er að koma aftur til baka. Nú er mikil umræða um breyttan lífsstíl. Meiri hreyfingu og umferðamáta á borð við hjólreiðar. Að fólk geti nálgast verslun jafnvel gangandi frá heimilum sínum eins og hugmyndir voru um þegar Breiðholtið var að byggjast. Borgaryfirvöld hafa einnig



Bragi Björnsson verslunarmaður í Leiksport.

staðið fyrir umræðum um að virkja þessa kjarna á nýjan leik og stutt við viðleitni í þá átt. Við sjáum það í Fellunum þar sem ný starfsemi er að koma í gömlu húsin. Við bindum yonir við að þetta gerist víðar. Í Bökkunum er gamall kjarni sem muna hefur mátt fífil sinn fegurri. Þar mun hugsanlega eitthvað gerast og vonandi víðar. Í víðtali sem Kiwanisblaðið Vífill átti við Gunnar Snorrason framkvæmda- og verslunarmann í jólaönninni 1986 sagðist hann aldrei hafa þekkt minna en 12 tíma vinnudag. Bragi tekur undir þessi ummæli. „Já – Gunnar vann svona. Hann hafði líka mikinn áhuga á því sem hann var að gera. Hann vildi horfa fram í tímann og þótt hann hafi ef til vill ekki séð allt fyrir þá var hann alltaf sannfærður um framtíð Hólagarðs. Ég smitaðist eiginlega af þessu og hef aldrei talið minar stundir eftir – hvorki í þágu verslunarinnar eða Hólagarðs sem heildar. En stóra málið er að Hólagarður hefur staðið allar breytingar af sér þótt stundum hafi gefið á. Er ekki stundum sagt að flest sé fertugum fært.“

Ökukennsla

www.bilprof.is

Ökufærni er lykilatriðið þegar ungmenni hefja akstur.

Hvar fær ungmennið þitt kennslu?

- Hluti námsins fer fram í fullkomnum ökuhermi
- Áhersla lögð á færni nemenda og öryggi þeirra í umferðinni
- Allt kennsluefni innifalið



Hringdu núna og bókaðu ökuskólann

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD
– yfir 40 ár í fagmennsku.

Þekking og reynsla í fyrrirúmi



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 • Opið 10-17 alla daga.



Lesum í sumar

Nú eru grunnskólar landsins að fara í frí og eru nemendur tilbúnir eftir langan vetur að njóta sumarsins. Þrátt fyrir það er mikilvægt að viðhalda lestri barnanna okkar yfir sumarið. Sumarfrí þýðir ekki að við hættum að læra. Rannsóknir hafa sýnt að lestrarhæfni flestra nemenda minnkar á sumrin meðan þeir sem lesa reglulega auka hæfni sína. Foreldrar geta viðhaldið læsi og jafnvel aukið það með mörgum skemmtilegum leiðum í sumarfríinu. Með þeim má byggja upp orðaforða, auka lesfærni og vekja upp ómetanlegan áhuga á lestri góðra bóka eða annars lesefnis.

Nemendur þurfa hvíld frá námi og þess vegna er mikilvægt að gera sumarlestur skemmtilegan svo hann vekir áhuga barnanna. Hér koma nokkrar leiðir til að gera sumarlestur að skemmtilegum hluta af tilveru barna. Lesið eða hlustið á hljóðbækur með barni ykkar daglega. Lesið saman eða leyfðu því að lesa fyrir ykkur. Þið getið jafnvel lesið til skiptis. Hægt er að lesa eða fara í orðaleiki, úti, í bílnum, á ferðalagi, á róló og á rölti um götur bæjarins. Orðaleikir geta t.d. falið í sér gátur, orðarím, finna hljóð (stafi) í orði, klappa atkvæði orðanna, þekkja stafi eða orð í umhverfinu svo fátt eitt sé nefnt.

Hafið lesefni sýnilegt á heimilinu

Hafið bækur og annað áhugavert lesefni sýnilegt á heimilinu. Verið góð fyrirmynd og lesið sjálf. Kaupið bækur, blöð eða hljóðsnældur eða fáið lánað á næsta bókasafni. Ég minni á að bókasöfn landsins eru ávallt opin almenningi alla virka daga yfir sumarið og er það víða sem útlán eru börnum að kostnaðarlausu. Leyfið barninu að velja hvað lesið er og lesið saman, fyrir alla í fjölskyldunni eða lesið jafnvel sömu bók. Allt þetta getur vakið upp skemmtilegar umræður ykkar á



Dröfn Rafnsdóttir, kennsluráðgjafi.

milli. Talið um þau orð sem erfitt er að lesa og veltið vöngum yfir merkingu þeirra.

Leyfið börnunum að senda póstkort

Á meðan þið sinnið daglegum verkum er tilvalið að leika orðaleiki. Við innkaupin má gera innkaupalista og lesa á merkingar í búðum, lesa bæklinga verslana og velja hvað kaupa á. Á ferðalögum er gaman að skoða og lesa á götumerkingar, bæjarnöfn og auglýsingaskilti. Kennið börnunum að lesa vegakort því þau geta verið góðir leiðsögumenn. Leyfið börnunum að senda póstkort eða bréf til ættingja og vina á ferðalögum sínum. Einnig er gaman að skrifa dagbók sumarsins, t.d. taka saman og fjalla um þær bækur sem þið lásuð. Ég hef nú aðeins bent á fáeinir leiðir sem aukið geta færni í lestri en máli með að foreldrar reyni allt það sem þeir telja að komi að gagni og geti verið til þess að börnin okkar komi enn sterkari til leiks í haust. Með ósk um gleðilegt lestrarsumar.

Dröfn Rafnsdóttir, kennsluráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts.



Verðlaunahafar á sviðinu í Háskólabíói.

FB útskrifaði 162 nemendur

Skólaslit Fjölbrotaskólans í Breiðholti fóru fram í Háskólabíói föstudaginn 22. maí. Alls útskrifuðust 162 nemendur og afhent voru 175 skírteini þar sem nokkrir nemendur útskrifast af tveimur brautum. Þórunn Sunneva Elfarsdóttir er dux skólans, en hún hlaut 9.17 í aðaleinkunn, en hún lauk prófi frá fata- og textílbraut skólans.

Þrjár stúlkur sópuðu að sér flestum verðlaunum sem veitt voru fyrir góðan námsárangur. Auk þess að vera dux skólans fékk Þórunn Sunneva verðlaun fyrir íslensku, bestan árangur á fata- og textílbraut og að auki fékk hún viðurkenningu frá Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella. Sunna Sól Sigurðardóttir fékk verðlaun fyrir dönsku, ensku og myndlist og Sara Líf Magnúsdóttir fékk verðlaun fyrir myndlist auk þess sem hún fékk íslenskuverðlaun í formi peningastyrks úr styrktarsjóðs Kristínar Arnalds. Þá hlaut Leifur Daníel Sigurðarson viðurkenningu frá Rotarýklúbbi Breiðholts.

Verðlaun fyrir góða árangur í íslensku

Aðrir sem hlutu verðlaun og viðurkenningu voru m.a. Gangadai Sahadeo sem verðlaun fyrir góðan námsárangur í íslensku sem annað mál og tveir nemendur á starfsbraut skólans fengu viðurkenningu fyrir mestar framfarir á námstímanum, þeir Ingimundur Ágústsson og Sigurður Bjarki Brjánsón. Fjöldi fyrirtækja, félaga og stofnana gáfu útskriftarnemendum gjafir, s.s. Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Samtök iðnaðarins, Gámaþjónustan, Soroptimistaklúbbur Hóla og Fella, nokkur sendiráð erlendra ríkja og fleiri aðilar.



Verðlaunahafarnir Sunna Sól, Sara Líf og Leifur .



Þórunn Sunneva Elfarsdóttir dux skólans með 9,17 útskrifaðist með stúdentspróf af fata- og textílbraut FB.



Gangadai Sahadeo sem hlaut verðlaun fyrir góðan árangur í íslensku sem annað mál. Myndir: Jóhannes Long.

Opíð alla daga frá kl. 11 til 23.

Kebab Express

Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414

Coca-Cola



Útfarar- og lögfræðipjónusta

Önnumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Elin Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri



Þorsteinn Elísson útfararþjónusta



Snævar Jón Andrésson útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir útfararstjóri



Rósa Kristjánsdóttir útfararstjóri



Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta



Jón G. Bjarnason útfararþjónusta



Ellert Ingason útfararþjónusta



Katla Þorsteinsdóttir lögfræðipjónusta



Gestur Hreinsson útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is



Vel heppnað Breiðholt Festival

Hátíðin Breiðholt Festival fór fram í fyrsta sinn laugardaginn 13. júní. Hátíðin fór vel fram að sögn Sigríðar Sunnu Reynisdóttur en hún er ein af aðstandendum hennar. „Við vissum ekki alveg á hverju við áttum von með mætingu og þáttöku en miðað við að þetta er í fyrsta sinn sem þessi hátíð er haldin hér í Seljahverfinu þá erum við mjög ánægð með undirtektirnar.

Ætlunin er að efna til sambærilegrar hátíðar að ári en markmiðið með henni er að lífga upp á mannlífið og umhverfið þennan dag og efna til tengsla. Hátíðin var gjaldfrjál og öllum opin og stefnt er að því að þarna geti orðið um árlegan menningarviðburð að ræða. Meðal þess sem var í boði á hátíðinni á laugardaginn var danssmiðja fyrir fólk á öllum aldri og hljómsveitarsmiðjuna Stelpur rokka sem er fyrir allar stelpur á aldrinum 12 til 16 ára. Mikill fjöldi frábærra listamanna kom fram á viðburðinum sem einkenndist af fjölbreytni og gleði. Aðstandendur hátíðarinnar eru Valgeir Sigurðsson og Sigríður Sunna Reynisdóttir sem standa meðal annars að Bedroom Community í Vogaseli í Breiðholti. Með þeim í samstarfshóp eru; Megan Horan, Berglind Sunna Stefánsdóttir, Hildur Maral Hamíðsdóttir, Bobby Breiðholt, Selma Reynisdóttir og Paul Evans. Breiðholt Festival er skipulagt í nánú samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts og Hverfisráð Breiðholts. Einnig er alþjóðlegt samstarf

við dönsku hverfishátíðina Mejlgade for Mangfoldighed (MFM) og hið danska myndlistarteymi Artoteket Library. Listasmiðjur voru unnar í samstarfi við Stelpur rokka og DFM Company (Dansaðu fyrir mig).

Ljósmyndir: Magnús Elvar Jónsson.



Hátíðargestir létu fara vel um sig í sólinni á tónleikasvæðinu.



Die Jodlerinnen syngur í Skúlpúrgarðinum við Vogasel.



Björn S. Blöndal formaður borgarráðs setur Breiðholt Festival.



Boðið var upp á flot í Ölduselslaug.



Gamli Breiðholtsbúinn og fyrrum forstöðumaður í Fellahelli rithöfundurinn Sjón var mættur á staðinn.



Systrasamlagið 2ja ára:
20% afsláttur
af gæðum til 21. júní!



Alvöru MORGUNDJAMM, engin eftirköst!

FRÍTT ENGIFERSKOT fylgir öllum þeytingum og söfum Systrasamlagsins, alla morgna fram að sumarsólstöðum.



SVEITA-SAMFLOT Á FLÚÐUM
Systrasamlagið & Float kynna fyrsta Sveita-Samflot sumarsins í Gömlu lauginni á Flúðum lau. 27. júní frá. kl. 22 – 24. Verð: 6.500 kr. / 5000 kr. fyrir Flothettueigendur. Innifalið: Aðgangur, flothetta, upphitun og næring. Skráning og greiðsla í Systrasamlaginu til 26. júní, í síma 5113767 eða skilaboð á facebook.com/systrasamlagid



EKTA lífræn ILMVÖTN sem gefa!

Frönsk ilmvötn sem hafa vakið mikla athygli. Innihalda m.a. blómadropa hins þekktu læknis Dr. Bach sem fangar það dýpsta og fegursta í hverri jurtt.



Definitely worth a visit!
- Grapevine apríl 2015

Við FÖGNUM með 20% AFMÆLISAFSLÆTTI af eftirtöldum vörum:

Prancing Leopard jógaflatnaði
Manduka jógaþynnum
Sóley Organics snyrtivörum
Dr. Bach ilmvötnum
Flothettum og fótafli
Benecos snyrtivörum
Viridian vítamínnum og bætiefnum

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlauginu og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8:30 - 18
Laugardagar 10 - 16
Sunnudagar í sumar 11 - 15

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Valný Óttarsdóttir iðjubjálfi í Skógabæ rifjar Breiðholtsæskuna upp að þessu sinni. Hún var þriggja vikna þegar hún fluttist í Breiðholtið með foreldrum sínum sem eins og margir aðrir fundu möguleika til þess að koma sér upp heimili í þessu nýja byggðarlagi. Valný flutti um tíma úr Breiðholtinu eftir að hún stofnaði sjálf heimili og segir það ekki hafa verið á stefnuskránni að fara þangað aftur. En þegar fjölskylda hennar stækkaði og finna þurfti hentugra húsnæði varð Seljahverfið fyrir valinu. „Það er eins og okkur hafi verið stýrt þangað,“ segir hún í samtali við Breiðholtsblaðið.

Breiðholtið hefur elst vel

Ég tel mig innfæddan Breiðhylling. Þegar ég fæddist voru foreldrar mínir ung og voru að leita sér að möguleikum til þess að stofna heimili. Efra Breiðholtið var þá í byggingu og fremur auðvelt að koma sér upp húsnæði. Þau stofnuðu heimili í Möðrufellinu. Þetta var svölitið öðruvísi en í gömlu Reykjavík. Umhverfið var enn hrátt og í talsverðri vegalengd frá miðbænum en fjölskyldan vandist fljótt við að búa þarna.

Ég átti heima þarna efra allt þar til að ég fór að heiman þá komin yfir tvítugt. Þegar ég stofnaði mína fjölskyldu festum við kaup á íbúð í Grafarvoginum og höfðum engar sérstakar hugmyndir að fara þaðan. Íbúðin í Grafarvogi var bara tveggja herbergja að þegar fjölgaði í fjölskyldunni knúði það á um að leita að rýmra húsnæði. Við fórum að líta í kringum okkur en vorum samt ekki að horfa á Breiðholtið – allavega ekki sérstaklega. Við vorum búin að skoða nokkuð af húsnæði þegar við rákumst á íbúð í Fífuselínu í Breiðholti. Við slógum til og festum kaup á henni. Ég hef stundum sagt að það sé eins og okkur hafi verið stýrt þangað. Okkur hefur líðið mjög vel og börnin notið þeirra frábæru þjónustu sem er í boði – bæði í Jöklaborg og Seljaskóla. Þarna fer fram skólustarfið sem að mínum dómi er með því besta sem gerist þótt ég hafi ef til vill ekki nægan samanburð til þess að dæma um það. Við erum með börn á báðum þessum stöðum. Sá yngsti er enn í Jöklaborg en byrjar í Seljaborg í júní. Við eigum annan strák sem er í sjöunda bekk og dóttir okkar lýkur 10. bekknum í vor og stefnir á nám við MS á komandi hausti.

Sérstakt reykhvergi

Ég var í Fellaskóla og á góðar minningar þaðan. Við tengdumst vel stelpurnar og ég á 14 vinkonur frá þeim tíma. Við hittumst enn einu sinni í mánuði og gerum einnig ýmislegt saman eins og að fara í útilegur. Þarna mynduðust tengsl. Þetta er skemmtilegur hópur og heldur vel saman. Það var mikill kraftur í Fellaskóla á þessum tíma og áhersla lögð á að halda uppi öflugum félagsstarfi. Mikið var um leiklistarstarf og Fellahellir var nýlunda í skóla- og ungmennalífnum. Þar starfaði frábært fólk sem hélt utan um krakkaskarann og ég man að þar var sérstakt reykhvergi þar sem krakkar, umsjónarmenn og Valný komu saman og reyktu. Nokkuð sem ekki yrði líðið í dag. Hugsunarhátturinn er breyttur. Það var mikið leiklistarlíf og við



Valný ásamt skólasystur sínum og vinkonum sem halda hópinn enn þann dag í dag.

settum m.a. upp Eldfærin sem var mjög flott. Krakkarnir allir látnir gera leikmunina sjálfir og mikið lagt í þetta. En Litla stúlkan með eldspýturnar hafði verið sett upp áður þá var ég of ung til að taka þátt og það leikrit var tekið upp og sýnt í sjónvarpinu. Leiklistarstarfið var að miklu leyti Ágústi Péturssyni kennara að þakka og við græddum mikið á að hafa hann starfandi við skólann.

Úr Fellaskóla í FB

Ég fór ekkert langt. Úr Fellaskóla yfir í FB. Við fórum flest þangað og þau sem fóru eitthvað annað komu mörg til baka og luku framhaldsskólanum í FB. Ákveðin samkennd einkenndi svo marga krakka úr Breiðholtinu. Ég hygg að þetta hafi verið víðar – til dæmis í Árbænum en sá borgarhluti byggðist nokkuð hratt upp líkt og Breiðholtið. Annars er ekki rétt að tala um Breiðholtið sem eitt hverfi eða eina byggð. Það stendur saman af fjórum og jafnvel fimm mismunandi hlutum og mismunandi skipulagshugsun liggur að baki þeirra. Þau voru byggð með ólíkar þarfir fólks í huga með það fyrir augum að Breiðholtið sem heild biði upp á breytileika mannlífsins og þar væri verið að koma til móts við marga og ólíka einstaklinga og hópa. En því miður vilja sumir setja þessa rúmlega 20 þúsund manna byggð undir einn hatt.

Okkur sem búum í Breiðholtinu finnst stundum erfitt að hlusta á þær raddir sem hverfið tala niður til þess vegna þess að við sem búum þar vitum betur. Já – miklu betur. Og þetta hefur áhrif út fyrir hverfið. Til dæmis á fasteignaverð sem oft hefur verið í lægri kantinum miðað við aðra borgarhluta. Fjölmenningsamfélagið er að þróast og taka á sig skemmtilega mynd. Það hefur líka verið unnið með markvissum hætti að auðvelda fólki víðs vegar að úr heiminum að aðlagast íslenskum aðstæðum. Efla þekkingu þess á íslensku og þjóðfélagslegum venjum Íslendinga. Stjórnendur Fellaskóla hafa að öðrum ólöstuðum unnið mjög gott starf að þessu leyti.

Tók iðjubjálfunina í fjarnámi

Ég hætti í skóla eftir FB. Var ekki alveg viss um hvað ég vildi læra og svo fórum við að koma okkur upp húsnæði og að eignast eldri börnin. En eftir að ég náði þrítugsaldrinum réttara sagt orðin 32 ára var ég orðin viss um hvað ég vildi gera. Ég ákvað að læra iðjubjálfun. Iðjubjálfun var ekki kennd í Reykjavík. Lengi ekki hér á landi og margir fóru til Svíþjóðar eða Danmerkur til þess að læra. Svo var farið að kenna hana við Háskólann á Akureyri og ég lærði allt í fjarnámi fyrir

utan að þurfa að fara í vikulangar lotur tvisvar á önn. Ég ákvað síðan að fara að starfa í Skógabæ. Það er mikill kostur að starfa nálægt heimilinu og ég sé mig geta gert góða hluti í starfi mínu hér. Iðjubjálfun er eitt það helsta sem tafið getur áhrif heilabilunar og nauðsynlegt að nýta hana til þess að teifa fyrir þjáningum fólks. Ég geng líka í vinnuna þegar verður leyfir en ég nýti oftast heimferðina til þess að sækja son minn í leikskólann og það ræður stundum fararmátanum. Ég myndi frekar ganga heim í vondu veðri ef ég væri ekki að sækja hann. Það er drjúgur spotti fyrir barn á leikskólaaldri sem er orðið þreytt eftir langan dag. Nei – ég fór ekki sjálf í leikskóla. Reyndar í þrjár vikur en var ekki sátt við hann og gafst þá upp. Móðir mín starfaði sem dagamma á þeim tíma og bætti mér bara í hópinn. Ég var svona í heimaleikskóla.

Gróðurinn og fjölmenningin mesta breytingin

Þegar ég fer að hugsa um hvað hafi breyst í Breiðholti frá þeim tíma þegar ég var alast upp kemur ekkert eitt í hugann en hugsanlega er það gróðurinn og fjölmenningin sem ekki var til staðar þegar ég var að alast upp. Þá var allt í uppbyggingu og mikið af spýtum út um allt sem



Valný Óttarsdóttir iðjubjálfi í Skógabæ.

við krakkarnir nýttum okkur í leik og vorum dugleg að bjarga okkur með þær. Ég man að við þurftum alltaf að passa okkur á að stíga ekki á nagla sem fóru auðveldlega í gegnum strigaskónna en þær voru ekki ófáar naglaspíturarnar í þá daga. Nú er þetta orðið vel gróíð og það segir mér að ég sé kannski bara orðin svolítið gömul. Byggðin er orðin gróin. Það er tré í garðinum hjá okkur og konan sem seldi okkur húsið hafði gróðursett það. Hún sagði okkur að þegar hún hafi fest kaup á plöntunni og verið spurð hvar hún byggji hafi henni verið tjáð að ekki þýddi að fara með tré þangað upp eftir því þar yxi ekkert. Nú er tréð orðið stórt og fallet. Fjölmenningsamfélagið nær ekki eins inn í Seljahverfið og hina hluta Breiðholtsins en þó býr eitthvað af aðfluttu fólki þar. Ég man að þegar ég var að alast upp sá maður varla fólk frá öðrum löndum. Þegar ég var unglingur á leið til Spánar að starfa sem au pair um tíma þurfti ég að millilenda á Heathrow í London. Og hvað ég varð hissa að sjá allan þann fjölbreytileika sem einkenndi þennan stóra flugvöll. Hina fjölbreyttu flóru mannlífsins. Ef til vill er fjölmenningin mesta breytingin í Breiðholtinu.

Hefur elst vel

Það er ekki mikið rót á Breiðholtinu. Byggðin er komin í fastar skorður og mannlífið aðlagast frá einum tíma til annars. Þótt við höfum ekki ætlað okkur í Breiðholtið þegar við þurftum að flytja úr litlu íbúðinni í Grafarvoginum þá erum við mjög ánægð með hafa komið hingað. Við höfum stækkað við okkur aftur og þá kom ekkert annað til greina en að halda sig í hverfinu, okkur líður svo vel í Seljahverfi. Breiðholtið hefur elst vel og reynst okkur vel.

Menntun núna verkefninu að ljúka

Í apríl og maí útskrifuðust síðustu nemendahóparnir sem tengjast Menntun núna verkefninu. Nemendur í Grunnmenntaskóla Mímis í Fjölbautaskólanum í Breiðholti útskrifuðust í apríl og nemendur á námsbrautinni Nám og Þjálfun í almennum bóklegum greinum útskrifuðust í maí.

Síðustu íslenskunámskeiðin kláruðust í apríl en Dagur B. Eggertsson mætti á útskrift tælskra íslenskunema sem haldin var í Gerðubergi og afhenti þeim skírteinin sín.

Góður árangur hefur náðst af verkefninu en ætla má að yfir 3000 Breiðhyllingar og borgarbráur hafa notið góðs af ráðgjöf, fræðslu og námsbrautum tengdum verkefninu. Verkefnið hófst haustið 2013 með grein-ingarvinnu og undirbúningi, Jón Gnarr og Illugi Gunnarsson skrifuðu síðan undir samstarfs-samning 14. mars 2014. Í kjölfarið fóru af stað fyrstu námshóparnir í Gerðubergi og FB, flest námskeiðin voru þó haldin á haustönn 2014 og nú á vorönn. Auk íslenskunámskeiða og námsbrauta frá Mími og Námsflokkum Reykjavíkur hefur verið boðið upp á margskonar fræðslu t.d. Fimmtudagsfræðslu annan hvern fimmtudag, leiðtoganámskeið fyrir konur af erlendum uppruna, Fab Lab námskeið og námskeiðið „Í Grasrótinni – um stofnun og rekstur félaga“. Rúmlega 1100 manns hafa sótt sér ýmsa fræðslu í tengslum við verkefnið.

Yfir 320 stundað íslenskunám

Lykilþáttur í verkefninu hefur verið náms- og starfsráðgjöf til handa brotthvarfsmenum en yfir 100 manns hafa hafið nám að nýju í kjölfar slíkrar ráðgjafar. Samtals hafa yfir 1200 ráðgjafaviðtöl verið veitt á tímabilinu. Samtals hafa



Útskriftarhópur úr Mími nú í apríl.

yfir 260 manns stundað nám í FB og framhaldsfræðslunni og yfir 320 íslenskunemar hafa stundað nám í Gerðubergi. Íslenskuþorpið hefur risið í Breiðholti þar sem fyrirtæki og stofnanir hafa tekið þátt í íslenskunáminu með því að tala íslensku við nemendur og aðstoða þá þannig í náminu.

Á heimasíðu verkefnisins www.menntun-nuna.is má finna upplýsingar um raunfærnimat á 9 tungumálum og um almennt mat á námi erlendis frá á ensku og íslensku með krækjum á þær stofnanir og staði sem veita slíka viðurkenningu. Verkefnið hefur átt í góðu samstarfi við Breiðholtsblaðið sem hefur verið duglegt að fjalla um verkefnið og árangur af því.

Verkefnisstjórn og samstarfsteymi hafa ákveðið að halda áfram að vinna saman í framtíðinni en þar sitja fulltrúar stéttarfélaganna, framhaldsfræðslu, háskóla og Reykjavíkurborgar. Samstarfið mun nú tengjast uppbyggingu Fjölskyldu-miðstöðvar í Breiðholti og snúa

að áframhaldandi íslenskuken-slu í Gerðubergi, samstarfi framhaldsskóla og framhalds-fræðslu um þróun á þjónustu við brotthvarfsmema og verkefnum tengdum samfélagsfræðslu og móttöku innflytjenda.

Gott samstarf við NV kjördæmið

Menntun núna verkefnið í Breiðholti er annað tveggja verkefna undir sömu yfirskrift. Hitt verkefnið er í Norðvestur kjördæmi en mikið og gott samstarf hefur verið á milli verkefnanna t.d. í ráðstefnum sem haldnar voru á Ísafirði og Breiðholti um íslenskunám og fjölmenningsamfélagið, sameiginlega heimasíðu en þann 18. maí höfðu verkefnið í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins staðið fyrir sameiginlegu málþingi í Gerðubergi um lærdóm af verkefninum.

SGK



Hólfríður Guðjónsdóttir skólastjóri Hólabrekkuskóla og Birna Halldórsdóttir fyrrum skólaliði sem stýrði skákstarfinu í skólanum af myndarbrag á meðan hún starfaði þar.

Breiðholtsmótið í skák 2015 – Birnubikarinn

Breiðholtsmótið í skák 2015 - Birnubikarinn fór fram á sal Hólabrekkuskóla. Sex skák-sveitir frá fjórum grunnskólum voru mættar til leiks. Skák er kennd í öllum þessum skólum, á stundatöflu, sem valfag í unglingsdeild eða í skáklúbbi eftir skólatíma. Það er því mikil skákvirkni í grunnskólum Breiðholts um þessar mundir og ekki skemmir fyrir að hafa höfuðstöðvar Íslandsmeistar-anna í Mjódd en skáklúbbið Huginn heldur þar úti öflugri skákstarfsemi, m.a. eru barna- og unglingsæfingar alla mánudaga.

Birnubikarinn er haldinn til heiðurs Birnu Halldórsdóttur fyrrum skólaliða við Hólabrekkuskóla. Þegar Birna starfaði í Hólabrekkuskóla stýrði hún skákstarfinu af miklum myndarbrag. Hún hvatti nemendur til að mæta í skáktíma, útvegaði skólanum skákkennara og sá um kennslu byrjenda. Minnisstætt er þegar Birna stóð fyrir kókubasar og nýtti allan ágóðann til að fjárfesta í skáklukkum fyrir skólann en Hólabrekkuskóli er afar vel búinn af skákbúnaði.

Hólabrekka og Öldusel

Baráttan um Birnubikarinn stóð milli heimamanna í Hólabrekku og sterkrar skáksveitar Ölduselsskóla. Að lokum hafði sveit

Ölduselsskóla sigur sem kemur ekki á óvart enda ein sterkasta skólasveitin í skák á landsvísu. Fellaskóli hafði þriðja sætið en sveit skólans samanstendur af krökkum úr áttunda bekk sem mæta í skákval einu sinni í viku. Auk þessara sveita mætti sveit frá Breiðholtsskóla og ungir nemendur Hólabrekkuskóla skipuðu svo b og c sveit skólans.

Heildarúrslit:

1. Ölduselsskóli 18.5v af 20 mögulegum
2. Hólabrekkuskóli a-sveit 16.v
3. Fellaskóli 10.5v
4. Breiðholtsskóli 9.v
5. Hólabrekkuskóli b-sveit 3.5v
6. Hólabrekkuskóli c-sveit 2.5v

Veitt voru verðlaun fyrir bestan árangur á hverju borði. Þau hlutu Heimir Páll Ragnarsson Hólabrekkuskóla, Mykael Kravchuk Ölduselsskóla, Alex Sigurðarson Ölduselsskóla og Stefán Orri Davíðsson Ölduselsskóla.

Skákakademían og Hólabrekkuskóli sáu um framkvæmd mótsins og nutu einnig góðrar aðstoðar foreldra og annarra velunnara skákstarfs í grunnskólum Breiðholts. Steint er að áframhaldandi samstarfi og keppnum milli grunnskólanna í hverfinu enda þótti mótið heppnast afar vel.

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Enskar fótboltavörur

Leikföng í úrvali

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996



ALÚD • VIRÐING • TRAUST

Áratuga reynsla



Sveinrir Einarsson

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242

www.utfarin.is
Allan sólarhringinn



Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Bolli Pétur með smásögubók

Bókaútgáfan Hólar í Breiðholti hefur gefið út bókina Kveikjur eftir séra Bolla Pétur Bollason, fyrrum prest í Seljakirkju og nú sóknarprest í Laufási.

Innihald bókarinnar eru 40 smásögur og í þeim er tæpt á þjóðfélagsmálum á borð við fátækt, einelti, ofbeldi í ýmsum myndum, einsemd og siðferðisbrestum, siðferðilegum álitamálum, tilvistar- og tilgangsspurningum, sorginni, gleðinni, kærleikanum, samskiptum fólks og endalokunum. Það er öllum hollt að lesa þessa bók og velta fyrir sér efni hennar. Hún hentar jafnt unglíngum sem hinum eldri og sögurnar mega vel nýtast sem ísbrjótur fyrir samtal og sameiginlegar vangaveltur. Ljósmyndir prýða bókina og eru þær eftir Völund Jónsson.



Kápa hinnar nýju bókar Bolla Péturs Péturssonar.

Míla kynnir 100Mb/s tengingar

100 Mb/s um Ljósveitu aðgengileg í Breiðholti

Míla hefur nú lokið við að uppfæra Ljósveitubúnað sinn í götuskápum í Breiðholti og þar með hafa heimili möguleika á allt að 100 Mb/s tengingu með Ljósveitu Mílu. Þau svæði sem nú hafa verið uppfært er allt Höfuðborgarsvæðið, Akranes, Hveragerði og Þorlákshöfn. Þar með hafa alls um 89 þúsund heimili nú möguleika á 100 Mb/s tengingu með Ljósveitu. Til viðbótar hafa um 30 þúsund heimili aðgang að Ljósveitu með allt að 70Mb/s tengingu. Þetta eru um 120 þúsund heimili í heildina og gerir þetta stöðu Íslands gríðarlega sterka í samanburði við önnur lönd.

Í nýrri skýrslu starfshóps innanríkisráðherra „Ísland ljóstengt“ kemur fram það markmið að allir landsmenn skuli hafa aðgang að 100Mb/s tengingu árið 2020. Þingsályktunartillaga um fjarskiptaáætlun sem samþykkt var á Alþingi setur 100Mb/s markið fyrir árið 2022.

Samkvæmt Jóni R. Kristjánssyni framkvæmdastjóra Mílu þá er þetta stór áfangi. Breytingin er veruleg þó að fæstir muni taka eftir henni þar sem notkunarpörf heimila almennt er mun minni en 100 Mb/s. Það endurspeglast í markmiði starfshóps innanríkisráðherra um að þessum áfangi skuli náð 2020. „Engar framkvæmdir fylgja þessari uppfærslu, hvorki í götu, á húsnæði notenda eða lóð. Þessi aukning hefur sömuleiðis ekki áhrif á verð þjónustunnar frá Mílu“ segir Jón. Aðeins þarf að skipta um búnað

í götuskápum Mílu og er þeirri aðgerð lokið á ofangreindum svæðum. Langflestir notendur þjónustunnar verða lítið varir við þessa útskiptingu og núverandi þjónusta mun virka áfram. Þjónustuveitendur sjá um að uppfæra eða skipta um endabúnað (router) viðskiptavina til að virkja þjónustuna.

Míla þjónustar alla

Hingað til hefur umræða um 100Mb/s verið tengd ljósleiðara. Er þá Ljósveita það sama og ljósleiðari? „Ljósveita er bæði ljósleiðari alla leið inn á heimili og ljósleiðari með koparenda þar sem búnaður er notaður til að ná 100Mb/s flutningsgetu. Nýjasta tækni gerir það að verkum að kapalgerð skiptir hér ekki máli.“ segir Jón.

Míla hefur lagt áherslu á að tryggja öllum notendum á ofangreindum svæðum góðan hraða en velur sér ekki ákveðnar götur eða hverfi. Sömuleiðis er vert að benda á að Ljósveita Mílu er opið aðgangsnét fyrir öll fyrirtæki með fjarskiptaleyfi.

Mikilvægur áfangi og trygg framtíð

Nú er mikilvægum áfanga náð en verkefni er ekki lokið. Þetta hefur verið umfangsmikið verkefni sem hófst árið 2009 með



Jón R. Kristjánsson framkvæmdastjóri Mílu.

Ljósveituvæðingu sem stendur enn yfir víða um land.

Nú þegar búið er að tryggja allt að 100Mb/s til allra notenda Ljósveitu á ofangreindu svæði, er næsta skref Mílu að tengja ljósleiðara og blása ljósleiðara í fyrirbyggjandi rör samhliða þeirri tengingu sem þegar er til staðar. Þetta verkefni er þegar hafið og mun því fylgja lítið jarðrask sem lágmarkar bæði tilkostnað og óþægindi fyrir notendur. Þannig mun Míla tryggja til framtíðar að þegar á þarf að halda verða allir notendur á ofangreindu svæði með tengingu sem uppfyllir þeirra þarfir á hagstæðu verði.

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

www.breidholt.is

Matur og vín:

Í sumar grillum við! Grillréttirnir frá Hafinu eru frábærir á grillið og fátt ljúfara en góðar stundir á sólpallinum með góðan fiskrétt á grillinu og njóta þess að sötra rétta hvítvínið með matnum eða bara eitt og sér.

Hafið fiskverslun er sérverslun með hágæða fiskafurðir og meðlæti fyrir kröfuharða neytendur.

Fiskborðin eru þéttsetin af landsins mesta úrvali af tilbúnum fiskréttum til að ofnbaka, steikja eða grilla sem gerir viðskiptavinum kleift að elda dýrindis máltíð á nokkrum mínutum án nokkurar fyrirhafnar.

Grillréttur mánaðarins er frá Fiskbúðinni Hafinu, sem er staðsett á tveimur stöðum

Hlíðasmára 8, Kópavogi og Spönginni 13, Rvk.



Langa í sítrónu og kóríander

Þessi réttur er tilbúinn í steikum beini á grillið og er algjör sumarsæla



Við mælum með eftirfarandi víni við þennan rétt:

Matua Sauvignon Blanc
- Nýja Sjöland - 2.299 kr.

Fólsítrónugull
Meðalfylling, ósart, lersk syra
Sítrus, stíklisber, passjón.

Matua Pinot Grigio
- Sikiley - 1.599 kr.

Fóllmónugrant
Létt meðalfylling, ósart, tversk syra
Peru, sítrus, hunangsmelóna, blóm

Margt spennandi að gerast í Breiðholtinu

... eftir Nichole Ligh Mosty

Nú er kominn sá tími ársins þar sem ég læt mig dreyma um ferð til heimalandsins og er yfirleitt farin að telja niður dagana í brottför. Þar er sumar eins og paradís. Ég fæ að slappa af í sólinni á hverjum degi þar sem ég legg mikla vinnu við tanið, fæ mér einn eða tvo kalda IPA á bryggjunni eða í notalegri bátsferð, leik við börnin mín á ströndinni, slæ nokkrum kúlum á golfvelli og já bara nýt þess að vera til, annars staðar en á klakanum. Nú í ár er allt annað mál, ég hlakka eingöngu til þess að vera hérna heima í Breiðholtinu því að það er svo mikið um að vera hér sem ég vil alls ekki missa af.

Sumarið hófst formlega fimmtudaginn 23. apríl og ÍR stóð fyrir fimm km Víðavangshlaupi. Ég gat ekki annað en verið með þó ég hafi ekki tekið þátt í götuhlaupi síðan ég var 25 ára! Vitið þið hvað, gamla stóð sig vel, kom í mark sex mínútum á undan markmiðinu sem ég setti mér, ég get ekki hugsað mér betri leið til að byrja sumarið. Þetta kom auðvitað í lokin á spennandi viku þar sem borgarstjórnin sjálfur, Dagur B. Eggertsson, flutti til okkar í Breiðholtið. Á meðan hann var hér fékk ég þann heiður að fylgja honum um hverfið og kynna þessari jákvæðu þróun hjá okkur Breiðhýltingum. Ég var afar stolt og ánægð að tilheyra þessu hverfi. Hápunkturinn var þó þegar ég fékk að skrifa undir yfirlýsingu um verkefnið Heilsueflandi Breiðholt ásamt Degi og Óskari Dýrmundi Ólafssyni hverfisstjóra. Ímyndið ykkur, við sem hverfi stefnum að því að efla heilsu og vellíðan allra, rétt þegar sumarið tekur við að gleðja okkur og koma fólki út úr húsi.

Leiknir í Pepsideildina

Það næsta sem við verðum að ræða er að okkar lið Leiknir tók sín fyrstu skref inn í Pepsideildina þann 3. maí. Ég held að ég þurfi ekki að lýsa ánægjunni sem fylgdi því kvöldi. Það mun ylja mitt hjarta um ókomna tíð. Ég vil nýta tækifærið og hvetja alla þá sem ekki hafa kynnst Stolti Breiðholts til þess að mæta á völlum í sumar. Ég hef sjaldan upplifað jafnmikla stemningu og hamingju eins og ég er að upplifa í kringum þessi frábæru félög. Þegar ég mæti í félagsheimilið eða á völlum til þess að fylgjast með æfingu hjá stráknum mínum fer ég heim 10 sinnum glaðari en ég þegar ég mætti því það er svo mikið um að vera, svo mikil jákvæðni og tilhlökkun. Í kringum Leikni eru margir Breiðhýltingar sem hafa lagt allt sitt í að efla og styðja við uppbyggingu félagsins og maður finnur fyrir einhverskonar fjölskyldustemningu og væntumþykju. Tveir mjög áberandi félagsmenn eða „Leiknisljón“ eins þeir eru kallaðir innan félagsins eru Aron Fuego Daníelsson og Orri Eiríksson. Þeir fara ekki fram hjá manni því þeir eru báðir lagahöfundar og Aron er kórstjórnari í stúkunum. Þeir eru þekktir sem „aðdráttarafli“ og það er augljóst að án þeirra leiðsagnar væri stemningin sem veitir Leiknismönnum innblástur á vellinum ekki nægilega mikil. Aron er ekki eingöngu aðdáandi, hann er líka leikmaður liðsins sem er til í að styðja við menn á hvaða hátt sem er, eins og flestir sem koma að



Vorið er að vakna í Breiðholtinu – og svo kemur sumarið.

félaginu. Þegar þið mætið á völlum í sumar líður ekki á löngu þar til þið byrjið að syngja „Hvar er Binni Hlói?“ með Aroni og Orra. Ég er nú þegar byrjuð að æfa sönginn!

Breiðholts Festeval

Við höldum áfram að monta okkur af „happening“ hverfinu núna í sumar þegar við fögnum „Breiðholts festival“ með Bedroom Community plötuútgáfunni úr Seljahverfi. Þið heyrðu það fyrst hér hjá mér að við urðum að taka laugardaginn 13. júní frá því að Breiðholt var staðurinn til þess að vera á. Festival var menningarhátíð sem gerir listamönnum úr Breiðholti og þeirri fjölbreyttu listsköpun sem fram fer í hverfinu hátt undir höfði. Hátíðin teygdi sig yfir gróíð svæði í hjarta Seljahverfisins í námunda við gamla bæinn Breiðholt sem hverfið dregur nafn sitt af. Ég vil bara aðeins gefa ykkur smá smakk af því sem var í boði. Nokkur tónlistaratriði sem ég má til með að nefna eru til dæmis Samaris, Ben Frost, Collider, Valgeir Sigurðsson og Stelpur Rokka. Það verður dansnámskeið fyrir fjölskylduna á vegum DFM danshópsins í Vogaseli, leikjastund í Skúlpúragarðinum, Lúðrasveit Breiðholts- og Árbæjar leikur við Hólmasel, kvikmyndasýningar eftir Áslaugu Einarsdóttir o.fl. Það er ekki allt og sumt, það var markaður í brekkunni við Hólmasel, myndlist eftir Davíð Örn Halldórsson og Lóu Hlín Hjálmtýsdóttir. Ég verð að viðurkenna að ég var afar spennit fyrir þessu því það hefur alltaf verið smá draumur hjá mér að tilheyra tónlistarheimi á einhvern hátt. Ég held að Breiðholts Festival sé eins nálægt og ég mun koma til með að sjá hann rætast. Hver veit

nema þið sjáið mig í því hlutverki að færa til hljóðfæri og kalla „test test 1..2..test.“

Og matjurtagarðurinn í Jaðarseli

Þá er að skoða öll þau frábæru sumarnámskeið sem verða í boði hér í hverfinu. Um er að ræða námskeið á vegum Fristundamiðstöðvar Miðbergs, ÍR, Sundfélagsins Ægis, Skátafélaganna Hafarnir og Segull, Leiknis, Dans Brynju Péturs og margt fleira. Ég vil líka nefna að núna í sumar vill Seljagarður Borgarbylí skapa fagan samfélagsgerð í matjurtagarðinum í Jaðarseli. Garðurinn verður skapaður í anda vistræktar með þekkingu og getu samfélagsins. Verkefnið verða margþætt og öllum velkomið að taka þátt og njóta afrakstursins í lok sumars. Fyrir þá sem hafa áhuga þá er hér frábær hópur af fólki að gera spennandi hluti.

Besta laugin í bænum

Síðast en alls ekki síst vil ég endilega hvetja fólk til þess að njóta allrar þessarar fegurðar sem við búum við hér í Breiðholti. Við erum svo heppin til dæmis að „eiga“ Elliðaárdalinn þar sem hægt er að skella sér í göngutúr við ána. Við erum með svo mörg opin svæði og leikvelli að það verður nóg um að vera fyrir börnin okkar. Svo er auðvitað það sem öllum hér þykir vænt um, Breiðholtslaugin, besta laugin í bænum hef ég heyrt. Að lokum vil ég óska öllum Breiðhýltingum gleðilegt sumar og ég vonast til að sjá ykkur njóta sumarsins hér í hverfinu eins og ég mun gera! Ég er viss um að ég finn leið hérna heima til þess að ná mér í smá lit.

Graenir 
SKÁTAR
– við elskum dósir!

Söfnunarkassar í þínu hverfi eru m.a. við:
Arnarbakka • Austurberg • Seljaskóla



Þessa fallegu mynd sendi Erla Hallgrímsdóttir út Breiðholtinu en hún sýnir bekk sem komið hefur verið fyrir við Gljúfrasel 13. Hún segir fólk nota bekkinn mikið til þess að tilla sér þegar það sé á göngu um hverfið. Mikilvægt sé að bæta aðstöðu fyrir gangandi fólk og hvetja það til útivistar og þá skaði ekki að bjóða upp á aðstöðu sem þessa. Þarna sé tilvalið að hvíla sig á göngu, spjalla saman eða bara að njóta veðurblíðunnar þegar sólin láti sjá sig.

www.breidholt.is



VERIÐ VELKOMIN Í GERÐUBERG

Lokað um helgar júní, júlí og ágúst

OPNUNARTÍMI Í SUMAR

Bókasafn: mán.– fim. 10–18 / föstud. 11–18

Kaffihús: 10–17

Félagsstarf: 1. júní – 15. ágúst 9–15.30

Sýningar: 8–18



KAFFI 111

Kaffihúsið í Gerðubergi hefur verið opnað á ný eftir miklar breytingar. Þar er boðið upp á alvöru kaffihúsastemningu með kaffi, kökum, smáréttum og öðrum léttum veitingum. Einnig er kjarngóður og hollur hádegismatur í boði.



FIMIR FINGUR

Systkinin Fanney, Óskar Henning og Sigurður Valgarðsbörn sýna fjölbreytta listmuni í Boganum. Þar má nefna kríur unnar úr þorskbeinum, laufabrauðsjárn, silfurskartgripi, trétskurð og myndverk unnin í akrýl og vatnslit.



SÖNN ÁSJÓNA

Sýningaropnun 26. júní kl. 16

Sýning á fjölbreyttum myndverkum unnun í Hlutverkasetrinu. Hefðbundin málverk, pastel-, vatnslita- og klippimynda verk. Sumar ásjónurnar eru af gæludýrum, aðrar af fólki og enn aðrar eru sjálfsmyndir.



LJÓSIÐ

Sýningaropnun 25. júní kl. 17

Samsýning LITKU myndlistarfélags. Þema sýningarinnar er ljósið. Túlkun félagsmanna er margbreytileg enda viðfangsefnið óþrjótandi uppspretta myndefnis. Verkin eru unnin í olíu, akrýl og vatnsliti.



BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS GERÐUBERGI

Gerðubergi 3–5
111 Reykjavík
Sími 411 6170
borgarbokasafn.is

Uppskeruhátíð yngri flokka körfuknattleiksdeildar ÍR



Frá uppskeruhátíðinni.

Uppskeruhátíð Körfuknattleiksdeildar ÍR var haldin fimmtudaginn 21. maí sl og veittar voru viðurkenningar fyrir þátttöku og frammistöðu vetrarins í yngri flokkum félagsins. Margir flokkar stóðu sig vel í vetur en besta árangurinn átti 10. flokkur karla sem hampaði Íslandsmeistarattili núna í vor.

Meðal verðlaunahafa má nefna að Ísak Máni

Wíum fékk nafnbótina ÍR-ingur ársins fyrir störf í þágu deildarinnar og Snædís Árnadóttir fékk Guðrúnarþikarinn sem veittur er í minningu um Guðrúnu Ólafsdóttur sem var öflugur félagsmaður hjá ÍR. Eins og venjan er orðin var keppt í Stinger að körfuknattleikssíð eftir verðlaunaafhendingar og þar sigraði Skúli Kristjánsson í eldri flokknum en Oskar Víkingur Davíðsson í þeim yngri.

Hlynur Andrésón er óstöðvandi

Hlynur Andrésón ÍR varð í 4. sæti af 14 keppendum í 3000 m hindrunarhlaupi á Mid American Championships í dag. Hann hljóp á 9:20,44 mín sem er hans besti tími en þetta er hans annað 3000 m hindrunarhlaup á ferlinum og bæting um 5 sek. á milli vikna.

Þessi tími setur Hlyn í 14. sæti

á íslenski afrekaskrá en þetta er jafnframt besti tími íslensks karls síðan árið 2008. Íslandsmetið á Sveinn Margeirsson 8:46,2 mín síðan árið 2003. Hlynur keppti einnig í 1500 m á sama móti, varð 6. af 12 keppendum og bætti sig, hljóp á 3:50,34 mín. Hann átti best 3:51,62 mín en tíminn setur hann í 8. - 9. sæti á íslenski afrekaskrá.

Þá einnig geta þess að keppti í 5000 m hlaupi á Jesse Owens Classic mótinu í Columbus Ohio 1. maí. Hann hljóp á glæsilegum tíma, 14:24,25 mín og varð í 3. sæti eftir harða keppni. Hann bætti sig um 30 sekúndur miðað við besta tíma sinn utanhúss en hann á 3 sek betri tíma innanhúss.

Aníta með nýtt Íslandsmet

Aníta Hinriksdóttir setti nýtt Íslandsmet 24. maí sl. á stórmóti í Hengelo í Hollandi. Hún var þar í hóp með bestu millivegalengdahláupurum heims og gerði sér lítið fyrir og varð í 5. sæti þegar hún hljóp á 2:36,63 mín sem er nýtt Íslandsmet.

Eldra metið átti Ragnheiður Ólafsdóttir 2:44,6

mín síðan árið 1982. Tíminn er aðeins 1 sekúnda frá Evrópumetinu í þessum flokki. Þessi árangur Anítu og árangur hennar í 800 m. daginn áður sýnir hvað hún er í góðu formi, svo snemma í tímabilinu. Til hamingju Aníta.

Fjölbreytt og vinsæl sumarnámskeið ÍR hafin

Umfangsmikið sumarnámskeiðahald hófst á vegum ÍR mánudaginn 15. júní og mun standa óslitið fram í ágúst. Auk hefðbundinna æfinga verður boðið upp á eftirtalin námskeið á vegum félagsins í sumar:

Sumarnámskeiðin byggja á vikulöngum hálf dags eða heilsdags íþrótt- og listanámskeiðum fyrir börn 6 til 9 ára. Börnin geta valið um íþróttabraut eða leikja- og listabraut. Boðið er upp á gæslu fyrir og eftir námskeið og í fyrsta skipti á sumarnámskeiðum ÍR verður boðið upp á heitan mat í hádeginu. Íþróttfræðingarnir Sigríður Ósk Fanndal og Óðinn Björn Þorsteinsson stjórna námskeiðunum og hafa með sér fjölda frábærra leiðbeinenda. Gríðarleg aðsókn er að námskeiðunum og því eins gott að skrá sig sem fyrst áður en fullbókað verður.

Fótboltaakademía ÍR og BK kjúklings

Boðið verður upp á þrjú tveggja vikna fótboltanámskeið fyrir krakka 9 til 13 ára. Yfirþjálfari fótboltaakademíunnar er Halldór Þ. Halldórsson sem er með UEFA A licence þjálfararéttindi og honum til aðstoðar margir góðir aðstoðarþjálfarar. Fyrsta námskeiðið sem er fram á ÍR-vellinum í Mjódd hófst 15. júní en hin námskeiðin hefjast 6. júlí og 10. ágúst. Takmarkaður fjöldi kemst að á hvert námskeið.

Körfuknattleiksnámskeið ÍR

Körfuknattleiksdeild ÍR stendur fyrir þremur körfuboltanámskeiðum fyrir 6 til 9 ára börn í Seljaskóla í sumar. Þjálfarar yngri flokka ÍR sjá um kennslu á námskeiðunum. Námskeiðin hófust 15. júní og verða einnig 22. júní og 10. ágúst og standa yfir frá 8:30 til 12:30 og eru viku löng.

Handboltanámskeið ÍR

Handknattleiksdeild ÍR stendur fyrir tveimur hálf mánaðar löngum námskeiðum í handbolta fyrir börn 10 til 15 ára í sumar. Leikmenn meistaraflokks karla og kvenna ÍR í handbolta sjá um kennsluna en Einar Hólmgeirsson fyrrverandi atvinnumaður í handbolta stjórnar námskeiðunum. Námskeiðin hófust 15. júní og og verða einnig 10. ágúst og standa yfir í tvær klukkustundir hvern dag. Takmarkaður fjöldi kemst að.

Nánari upplýsingar og skráning á www.ir.is og í síma 587-7080

Heimasíða
www.ir.is



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

ÍR-ingar á toppi 2. deildar



Gott gengi er í fótboltanum hjá ÍR.

Lið ÍR í meistaraflokki karla í knattspyrnu byrjar keppnistímabilið með glæsibrag. Liðið leikur í 2. deild og hefur unnið fyrstu fjóra leikina sem það hefur spila, skorað 10 mörk og ekki enn fengið á sig mark. Fyrstu tvo leikina vann liðið heima á Hertzvellinum í Mjódd með 1-0 á móti KV og Sindra.

Næsti sigur vannst svo á útivelli í Þorlákshöfn á móti Ægi þar sem ÍR-ingar skoruðu fjögur mörk gegn engu. Aftur vannst svo öruggur 4-0 sigur á Hertzvellinum á móti Hetti. Fimmti leikurinn er gegn

Tindastóli og fer fram á Sauðárkróki en lið norðanmanna er í neðsta sæti deildarinnar á meðan ÍR-ingar tróna á toppi deildarinnar eftir frábæra byrjun með 12 stig. Andri Jónasson hefur skorð mest ÍR-inga eða þrjú mörk og Jóhann Arnar Sigurþórsson tvö. Magnús Magnússon stendur í marki ÍR-inga eins og undanfarin ár og hefur ekki fengið á sig mark til þessa. Breiðholtsbúar eru hvattir til að mæta á leiki liðsins í sumar til að styðja ÍR-liðið í baráttunni fyrir sæti í 1. deild að ári.

Guðni Valur kastaði 56,40 m.

Guðni Valur Guðnason gerði sér lítið fyrir og sigraði í kringlukasti og bætt sinn besta árangur um 79 cm þegar hann kastaði 56,40 m. Stórglæsilegt hjá honum og 3 m. lengra en næsti maður.

Aníta Hinriksdóttir sigraði 1500 m örugglega og kom í mark á 4:26,37 mín sem er ekki langt frá hennar besta. Arnar Pétursson lék sama leik og Guðni og Aníta og sigraði sína grein, 3000 m hindrunarhlaup, hann hljóp á 9:22,16 mín og bætti sig um 2 sek.



Guðni Valur Guðnason.

Andrea Íslandsmeistari í 10 km götuhlaupi

Andrea Kolbeinsdóttir ÍR varð Íslandsmeistari í 10 km götuhlaupi sem fram fór í Garðabæ á uppstigningardag.

Hún sigraði á tímanum 40:58 mín. Í karlaflokki varð Arnar Pétursson ÍR í öðru sæti á 33:11 mín. Eva Skaarpas sigraði í flokki 40 - 49 ára. Í 5 km hlaupi sem fram fór samhliða sigraði Valur Þór Kristjánsson ÍR.



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

Viltu *framúrskarandi* þjónustu við sölu á þinni fasteign?

Ég sé um allt ferlið fyrir þig og aðstoða þig einnig við fasteignakaup.

LIND FASTEIGNASALA



Kristín Skjaldardóttir
Sölufulltrúi
kristin@fastlind.is
824 4031



Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900



Sigurlaug ráðin skólastjóri Fellaskóla



Ýmislegt hefur verið gert til þess að lífga og fegra umhverfi Fellaskóla meðal annars með listskreytingum.

Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir var ráðin skólastjóri í Fellaskóla á fundi skóla- og frístundaráðs 3. júní. Sigurlaug lauk BA- prófi í uppeldis- og menntunarfræði frá HÍ árið 1997, MA- prófi með fjölmennningarlegum áherslum frá sama skóla árið 2000 og lauk nú í vor M.Ed-gráðu í stjórnunarfræði menntastofnana.

Hún býr yfir langri stjórnunarreynslu og hefur m.a. verið deildarstjóri nýbúa- og sérkennslu í Fellaskóla og starfað sem aðstoðar-skólastjóri og skólastjóri. Fjórir umsækjendur voru um stöðu skólastjóra í Fellaskóla, en umsóknarfrestur rann út 17. maí. Þau voru Kristín Jóhannsdóttir, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir og Nichole Leigh Mosty auk eins umsækjanda sem kaus að draga umsókn sína til baka.

Díana Sif hlaut nemenda- verðlaunin

Díana Sif Gunnlaugsdóttir nemandi í 10. bekk Breiðholtsskóla hlaut nemendaverðlaun Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar á þessu vori.

Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar veitir nemenda-verðlaun á hverju ári en allir skólar Reykjavíkurborgar tilnefna einn fulltrúa frá sínum skóla. Díana Sif var tilnefnd fyrir félagslega færni, samskiptahæfni og sérstakt framlag til að bæta og/eða auðga bekkjaranda/skólaanda. Í rökstuðningi tilnefningarinnar kom m.a. fram að Díana Sif sé sannur vinur skólafélaga sinna sem styðji þá og hjálpar þeim að takast á við verkefni í leik og námi. Markmið verðlaunanna er að hvetja nemendur til að leggja sig enn betur fram við að skara fram úr í námi, í félagsstarfi og í skapandi starfi.



Verjulegt tölki - Verjuleg málafri - Raunverulegar umræður - 100% óháð útlarpstöð
www.talrasin.com



FM 97,2

Forvarnir, fræðsla, frábær tónlist
Jákvætt og uppbyggilegt efni
Allan sólarhringinn

www.talrasin.com
www.lifsyn.is